

Reykjavík 22. 10.90

Kæra Kvinnalísta kona.

Að ósk uppstillingarnefndar verður haldinn félagsfundur fimmtudaginn 25. október.

Á fundinum verður rædd framkvæmd uppstillingar fram til þessa og næstu skref. Til upplýsingar fyrir þær konur sem ekki hafa fylgst með atburðarásinni verður hér á eftir reynt að rekja hana í stuttu máli.

1. Þann 12. september voru samþykktar eftirfarandi tillögur á félagsfundi:
 Fyrst verði almenn könnun eða tilnefning á konum
 Þegar þær niðurstöður liggja fyrir verður kynnt hvaða konur lentu í 15 efstu sætum.
 Uppstillingarnefnd ræðir við þessar konur og kannar hvort þær gefi kost á sér í fimm efstu sæti á lista.
 Í seinni skoðanakönnuninni eiga konur að velja fimm af þessum fimmtán efstu konum og ræða þeim í 5 efstu sætin,
 Niðurstöðurnar eru bindandi ef yfir 40% taka þátt.
 Einnig er uppstillingarnefnd veitt umboð til að bæta við konum á 15 kvenna listann ef einhverja aðrar áhugaverðar konur eru tilnefndar.
2. Tillögurnar voru síðan kynntar í fréttabréfi Kvinnalísta og tilkynnt hvenær skoðanakönnunin myndi fara fram.
3. Til þess að tryggja sem besta þátttöku var ákveðið að gera nokkrar konur ábyrgar fyrir 10 konum í sínu hverfi, hringja í þær og sjá til þess að þær tilnefni konur á listann.
4. Skoðanakönnun fór fram dagana 13. - 16. október. Þessa daga voru ákveðnar konur gerðar ábyrgar fyrir kjörskrá þ.e. þær áttu að merkja við þær konur sem skiluðu inn tilnefningarseðli. Einnig var konum gefinn kostur að senda inn kjörseðil í pósti. (Þessa leið völdu 2-3 konur). Listi yfir þær konur sem greiða félagsgjöld í Reykjavík var notaður sem kjörskrá. Nokkrar konur létu skrá sig meðan á kosningu stóð.
5. Uppstillingarnefnd hittist miðvikudaginn 17. október. Áður en hún hóf tölningu ákvað hún að setja sér eftirfarandi reglur.
 - * Halda alltaf fundargerðir yfir fundi
 - * Ræða aldrei færri en tvær við konur um það hvort þær muni taka þátt í síðari könnuninni og færa til bókar niðurstöður þeirra samtala.
 - * Kynna fyrir þingflokksnum niðurstöðurnar á mánudagsmorgni kl. 10 og birta listann fjölmiðlum þann sama dag.
 - * Einnig var ákveðið að taka tillit til fyrri gagnrýni um að allt of mikil leynd hefði hvílt yfir fyrri skoðanakönnunum og fara ekki dult með neitt.
6. Sigrún Sigurðardóttir mætti á framkvæmdaráðsfund á fimmtudag og þar kom fram ósk um að niðurstöðurnar yrðu kynntar fyrst á fundi með Reykjavíkurlanga. Í kjölfarið á því ákveður uppstillingarnefnd að nota laugardagskaffið til þess. Fundurinn var auglýstur útvarpi, sjónvarpi og DV. Jafnframt ákvað uppstillingarnefnd að hringja í fréttastofu útvarps og segi henni að niðurstöðurnar yrðu kynntar daginn eftir.
7. Tilnefningin var kynnt í laugardagskaffinu. Strax í fundarbyrjun var hringt frá fréttastofu útvarps til að fá upplýsingar um niðurstöðurnar. Hringt var aftur á miðjum fundi meðan umræðan var í gangi og þá fékk fréttastofan upplýsingar um þær og þær voru síðan kynntar í hádegisfréttum.

Uppstillingarnefnd hefur sætt gagnrýni fyrir störf sín og því vill hún gjarnan ræða áframhaldandi vinnu nefndarinnar.